

Nd.

1240. Nefndarálit

[491. mál]

um frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur á allmörgum fundum fengið talsmenn ýmissa hagsmunaaðila til viðræðna um frv. Of langt mál yrði að vitna til alls sem þar hefur komið fram en í fáum orðum sagt hafa flestir, sem fyrir nefndina hafa komið, lagst gegn því að frv. yrði afgreitt á þessu þingi. Þá hefur málsmeðferðin ekki síður verið gagnrýnd en frv. sjálft og það talinn slæmur kostur að samþykkja svo mikilsvert mál sem þetta án þess að hagsmunaaðilum gefist betra tóm til að kynna sér málið og koma athugasemdum sínum á framfæri. Sérstök ástæða er að vekja athygli á því að bændum, sem þó eiga að lifa og starfa — og nánast eiga allt sitt undir þessari löggjöf, — er nú fyrst að berast frv. í hendur um það leyti sem stjórnarliðar vilja taka málið til afgreiðslu. Hið sama á auðvitað við um ýmsa hagsmunaaðila, ekki síst neytendur, því að hér er einnig mikið í húfi fyrir þá.

Meiri hl. nefndarinnar hafnaði óskum um að senda málið til umsagnar og var borið við tímaskorti. Það er því ljóst að þrátt fyrir góða viðleitni nefndarinnar er ýmislegt enn óljóst um innihald frv. og áhrif af samþykkt þess.

Af fjölmörgum atriðum, sem þar koma til, skulu hér aðeins nefnd eftirfarandi:

1. Að því er best verður séð hefur fjármagn engan veginn verið tryggt með fullnægjandi hætti til þess að ákvæði VI. kafla um greiðslu afurðaverðs fái staðist. Frá upphafi virðist því hætta á að þau ákvæði verði dauður bókstafur auk þess — sem er öllu alvarlegra — að þær vonir, sem þau gætu vakið hjá bændum, yrðu falsvonir.

Á síðasta fund nefndarinnar, þar sem málið var til umfjöllunar, komu bankastjórar þeirra þriggja viðskiptabanka sem mest afurðalánaviðskipti hafa við landbúnaðinn og bar þeim öllum saman um að bankarnir hefðu enga möguleika til að taka á sig útgjöld til að flýta greiðslum afurðaverðs til bænda eins og frv. gerir ráð fyrir.

2. Með samþykkt þessa frv. tekst ekki, nema síður sé, að koma á þeirri sátt milli framleiðenda og neytenda sem nauðsynlegt og skylt er að leita eftir við lagasetningu sem þessa.
3. Engir þjóðhagslegir útreikningar hafa farið fram á áhrifum af samþykkt frv. og þeim miklu breytingum sem það gæti að líkindum haft í för með sér. Hér er sérstaklega átt við þann mikla samdrátt sem frv. virðist gera ráð fyrir að verði í sauðfjárbúskapnum og þau margvíslegu áhrif á allt mannlíf og athafnalíf út um landið sem slíkt mun óhjákvæmilega hafa í för með sér.
4. Frv. þessu fylgir engin stefnumörkun um niðurgreiðslur, eða niðurgreiðslustig, búvara sem þó verður að telja óaðskiljanlegan hluta af stefnumörkun í framleiðslu og sölumálum landbúnaðarins.
5. Fjölmörg ákvæði frv. eru óljós og lítt eða ekki skýrð. Nefna má ákvæði um verðlagningarkerfi búvara, verðábyrgð, framleiðslustjórn, samdrátt hefðbundinnar búvöruframleiðslu o. fl.
6. Ekkert samkomulag lá fyrir í nefndinni um frv. eða brtt. við það og enginn meiri hl. hafði myndast þegar frv., að ósk stjórnarþingmanns, var afgreitt úr nefndinni.

Með vísan til ofanritaðs er undirritaður andvígur því að frv. þetta verði nú samþykkt en leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að skipa nefnd fulltrúa allra stjórnarmálaflokka sem vinni að nýju frv. og kynningu þess í samráði við fulltrúa helstu hagsmunaaðila. Nýtt frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölumál landbúnaðarins verði svo lagt fyrir á næsta Alþingi svo fljótt sem við verður komið.

Alþingi, 11. júní 1985.

Steingrímur J. Sigfússon,
fundaskr.